



GREINING NR. 02/2020

LÝÐRÆÐI OG ÞÁTTTAKA Í LOFTSLAGSMÁLUM Á NORÐURLÖNDUM: SÖMU MARKMIÐ, ÓLÍKAR LAUSNIR

Fimm þúsund manns á Norðurlöndum hafa svarað ýmsum spurningum um norrænt samstarf, loftslagsmál og lýðræðislega þátttöku. Niðurstöðurnar sýna að almenningur á Norðurlöndum hefur áhyggjur af þróun mála og telur loftslags- og umhverfismál vera brýnasta málaflokkinn í samstarfi Norðurlandanna. Þá eru skoðanir skiptar á því hvað fólk telur bestu aðgerðirnar og hve mikla trú það hefur á því að stjórnmalafólk geti leyst loftslagsvandann. Skýrslan sýnir áskoranir og tækifæri norrænna lýðræðissamfélaga í starfi að umhverfis- og loftslagsmálum í framtíðinni.



Efnisyfirlit

Formáli	5
Samantekt.....	7
Inngangur.....	10
Viðhorf almennings á Norðurlöndum til umhverfis- og loftslagsmála	13
Munur á löndunum.....	18
Undirliggjandi þættir	24
Niðurstaða og vangaveltur	33
Fylgiskjöl	36

”

Nú er tímabært að nýta styrk Norðurlanda í þágu loftslagsins og setja þau mál í algjöran forgang.

Formáli

COVID-19 faraldurinn hefur verið allsráðandi á dagskrá stjórnmalanna á þessu vori og sá vandi verður viðvarandi um langan tíma enn. Þrátt fyrir það er mikilvægt að missa ekki sjónar á langtíamálum sem skipta sköpum fyrir velmegun okkar og framtíð jarðarinnar.

Loftslagsmálin kalla á nýjar aðgerðir og metnaðarfulla stefnu. Ástandið er alvarlegt og ef okkur á að miða áfram er þörf á umbótum sem miða að samdrætti í losun og stuðla að kolefnishlutleysi.

Á Norðurlöndum höfum við ítrekað sýnt að við erum sterk saman. Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun og Parísarsamkomulagið vísa okkur leið en við verðum að stefna hærra og vinna hraðar. Með því að þróa þekkingu og bera saman reynslu landanna finnum við nýjar og frumlegar norrænar lausnir. Við náum árangri með því að virkja fólk, stofnanir og fyrirtæki – okkur sjálf.

Norræna ráðherranefndin hefur nýja framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf sem snýst um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Við munum leggja til fé og mannauð til að móta framtíðina í enn betri hátt. Við munum ekki síst beina kastljósinu að loftslaginu. Nú er tímabært að nýta styrk Norðurlanda í þágu loftslagsins og setja þau mál í algjöran forgang.

Við getum breytt lífsstíl okkar, framleiðslu og neyslu og tryggt jafnvægi milli nýtingar náttúruauðlinda og verndunar þeirra á sjó og landi og ná á þann hátt sjálfbærri þróun í framtíðinni. Um leið verðum við að tryggja lýðræði, aðkomu allra, samþættingu og hreyfanleika. Lausnirnar eru til – þær eru fyrir framan nefið á okkur. Kolefnishlutlaus orkuframleiðsla og samgöngur, grænar fjárfestingar, hringrásarhagkerfi og lífrænt hagkerfi. Græna hagkerfið byggist á nýsköpun, skapar störf og tryggir samkeppnishæfni.

Skýrsla þessi fjallar um viðhorfskönnun meðal íbúa á Norðurlöndum – Álandseyjum, Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð – til loftslagsmála og annarra þátta sem þau varða. Kannski er mikilvægasta niðurstaðan sú að íbúar á Norðurlöndum telja umhverfis- og loftslagsmál vera brýnasta málaflokkinn í norrænu samstarfi.

Skýrsluna skrifuðu Andrea Skjold Frøshaug og Ulf Andreasson á greiningar- og tölfræðisviði skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Skýrslan kemur út í ritröð greiningar- og tölfræðisviðs sem fjallar um málefni líðandi stundar sem eru mikilvæg út frá í norrænu sjónarhorni. Skýrslan er fjármögnuð af norræna sérfræðingahópnum um sjálfbæra þróun og norrænu barna- og ungmennanefndinni (NORDBUK). Novus framkvæmdi könnunina fyrir Norrænu ráðherranefndina. Norstat tók viðtölin á Álandseyjum, í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Gallup tók viðtölin á Íslandi, DMA í Færeyjum DMA og HS Analysis á Grænlandi fyrir hönd Novus / Norstat.

Kaupmannahöfn, maí 2020

Paula Lehtomäki
Framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar



Samantekt

Norðurlöndin eru almennt vel í stakk búin til að takast á við loftslagsvandann á uppbyggilegan hátt. Íbúar í löndum með þróað velferðarkerfi eru almennt fylgjandi viðtækri loftslagsstefnu. Þá eru íbúar landa með hátt hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa líklegir til að styðja við frekari fjárfestingar í þessum málaflokki.

Eigi umskipti í loftslagsmálum að takast verðum við að huga að samfélagslegri sjálfbærni. Ef takast á að sameina velferð og loftslagsmál er mikilvægt að skilja hvað mótar viðhorf fólks og miða pólitíska stefnu við það. Græn umskipti munu væntanlega hafa mismunandi áhrif á mismunandi samfélagshópa. Hætt er við að breytingar á framleiðslu og neyslu leiði til ójöfnuðar og átaka. Því er brýnt að mótuð verði velferðarstefna sem skapar samlegð með umhverfismálum og sem almenningur telur sanngjarna og réttláta.

Með hliðsjón af því sem hér er nefnt ákvað Norræna ráðherranefndin að gera könnun meðal nærri fimm þúsund einstaklinga í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, einnig Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi. Vægi gagna ræðst af íbúasamsetningu landanna hvað varðar aldur og kyn. Við höfðum sérstakan áhuga á ungu fólki (16–25 ára) og þess vegna er hlutfall þess herra en annarra aldurshópa í viðtölunum. Vægi unga fólksins ræðst einnig af hlutfalli þess meðal íbúa í hverju landi fyrir sig.

Hægt er að draga könnunina saman í eftirfarandi meginatriði:

Umhverfis- og loftslagsmál á dagskrá

- Átta af hverjum tíu Norðurlandabúum svara á þá leið að þeir hafi áhyggjur af loftslagsbreytingum. Niðurstaðan er sú sama í öllum löndunum.
- Þá telja átta af hverjum tíu að Norðurlöndin eigi að vera í fararbroddi í loftslagsaðgerðum. 53 prósent svara á þá leið að aðgerðirnar eigi að stuðla að minnkun losunar utan Norðurlanda, en 41 prósent segjast kjósa að dregið verði úr losun á Norðurlöndum.
- Hlutfall þeirra sem telja að umhverfis- og loftslagsmál séu mikilvægasti málaflokkurinn í norrænu samstarfi hefur meira en tvöfaldast frá því að sama spurning var borin fram á árinu 2017. Um er að ræða afgerandi aukningu á aðeins tveimur árum. Varnar- og öryggismál voru í efsta sæti á árinu 2017 en eru nú í öðru sæti.

Traust til stjórnvalda

- Annar hver íbúi ber mikið eða frekar mikið traust til stjórnvalda í sínu landi. Um leið sýnir könnunin að fólk hefur minni trú á því að stjórnvalafólk geti gripið til nauðsynlegra aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum. Margir hafa áhyggjur af því að stjórnvöld séu ekki aðlöguð að þeim hraða sem loftslagsmálin krefjast.

Hvað gera íbúar Norðurlanda í þágu loftslagsins nú og hvað eru þeir reiðubúnir að gera í framtíðinni?

- Á síðasta ári flokkuðu um 90 prósent svarenda á Norðurlöndum úrgang, 65 prósent svara á þá leið að þeir hafi keypt minna af fötum og öðrum neysluvörum, enn fremur að þeir hafi keypt meira notað af tillitssemi við loftslagið. Rúmur helmingur segist hafa borðað meira grænkeru-/grænmetisfæði og valið vistvænan samgöngumáta. Á síðasta ári störfuðu færri með umhverfisverndarsamtökum (11 prósent), tóku þátt í mótmælum (11 prósent) eða gengu í stjórnmálaflokk (7 prósent).
- Þegar spurt er hvað fólk sé reiðubúið að gera í þágu loftslagsins í framtíðinni sjáum við ekki miklar breytingar á mörgum sviðum. Til dæmis gátu álíka margir hugsað sér að halda áfram að endurnýta og kaupa minna af fatnaði. Fleiri eru reiðubúnir að velja vistvænan samgöngumáta (úr 54 prósent í 67 prósent) og skipta yfir í endurnýjanlega orku á heimilinu (úr 30 prósent í 48 prósent). Þá sögðust fleiri á Norðurlöndum geta gert meira í þágu loftslagsins með því að verða virkari í stjórnmálum, skrá sig í umhverfisverndarsamtök (+13 prósent) eða taka þátt í mótmælum (+16 prósent).

Undirliggjandi þættir

- Á sumum sviðum virðast lýðfræðileg einkenni útskýra mismunandi svör en almennt virðast kyn, menntun eða aldur ekki hafa marktæk áhrif heldur hafa hóparnir almennt nokkuð svipuð viðhorf. Engu að síður eru ákveðin blæbrigði.
- Konur hafa meiri áhyggjur af loftslagsbreytingum en karlar og hærri hlutfall kvenna en karla svarar á þá leið að umhverfis- og loftslagsmál séu brýnasta samstarfssviðið.
- Menntun hefur lítil áhrif á viðhorf fólks til loftslagsmála en ræður meiru um almennt traust þess til stjórnmálamanna. Fólk með háskólamenntun ber meira traust til stjórnvalda.
- Búseta hefur almennt áhrif á viðhorf fólks (hún skiptist í „stórar höfuðborgir“, „nágrannasveitarfélög höfuðborga“, „aðrar stórborgir“, „meðalstórar borgir“, „minni höfuðborgir“ og „landsbyggð“). Meðal annars hafa fleiri íbúar stórra höfuðborga (89 prósent) og stærri borga (82 prósent) áhyggjur af loftslagsbreytingum samanborið við 74 prósent á landsbyggðinni. Fleiri íbúar stórra höfuðborga (50 prósent) og nágranna-sveitarfélaga (55 prósent) telja að loftslags- og umhverfismál séu brýnasta samstarfssviðið en íbúar landsbyggðarinnar (42 prósent). Í stórum höfuðborgum (53 prósent) og minni höfuðborgum (58 prósent) telja svarendur að leggja eigi áherslu á að draga úr losun á Norðurlöndum en á landsbyggðinni vilja 37 prósent draga úr losun á Norðurlöndunum.

Ungt fólk (16–25 ára)

- Eins og fram hefur komið beindum við sjónum sérstaklega að viðhorfum ungs fólks til loftslagsbreytinganna. Í ljós kom að allir aldurshópar hafa jafn miklar áhyggjur af loftslagsbreytingum – þar er unga fólk ekki frábrugðið öðrum aldurshópum.
- En áberandi fleiri ungmenni hafa tekið virkan þátt í umhverfishreyfingum: 11 prósent ungs fólksins hafa sýnt borgaralega óhlýðni en 2 prósent í eldri aldurshópum, 19 prósent hafa tekið þátt í mótmælum en 7 prósent fólks eldra en 45 ára og 17 prósent ungs fólks hefur starfað með umhverfisverndarsamtökum samanborið við um 10 prósent í eldri aldurshópum.
- Ungt fólk sker sig úr að því leyti að það er reiðubúið að gera meira í þágu loftslagsins í framtíðinni en það gerði á síðasta ári: Ungu fólk sem er reiðubúið að skipta yfir í endur-nýjanlega orku á heimilinu hefur fjölgað um 34 prósent en fólk 66 ára og eldri um 2 prósent. 23 prósent fleiri ungmenni segjast tilbúin að skrá sig í umhverfisverndarsamtök en 4 prósent fleiri meðal fólks eldra en 66 ára. Marktækt hærra hlutfall ungs fólks segist tilbúið að sýna borgaralega óhlýðni samanborið við alla aðra aldurshópa.
- Ungar konur eru í miklu meiri mæli reiðubúnar að hafa afskipti af umhverfismálum en jafnaldra karlar svo og aðspurðir í öðrum aldurshópum.

Inngangur

Í ljósi þeirra umbóta sem græn umskipti munu krefjast skal það viðurkennast að norræn samfélög og íbúar þeirra verða að vera viðbúinir verulegum breytingum. Skýrsla þessi bregður upp mynd af viðhorfum einkum til loftslagsmála á Norðurlöndunum. Hún fjallar um spurningakönnun sem byggist á símaviðtölum við næstum fimm þúsund íbúa Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar einnig Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Viðhorf til umskipta í loftslagsmálum eru einnig sett í stærra samhengi, almennt traust er til stjórnvalda og trú á því að stjórnmalafólk ráði við að grípa til þeirra aðgerða sem þörf er á. Þá höfum við reynt að láta spurningarnar fanga það sem svarendur gera nú í þágu loftslagsins og hvað þeir eru reiðubúinir að gera í framtíðinni. Einnig er spurt um norrænu viddina. Á Norðurlöndum er hefð fyrir því að vinna saman að litlum og stórum pólitískum umbótum. Hvaða mál telur almenningur að mikilvægt sé að vinna saman að um þessar mundir? Þá spurningu má einnig bera saman við svipaða spurningu sem varpað var fram fyrir tæpum þremur árum og sjáum við að miklar breytingar hafa orðið á tiltölulega stuttum tíma.

Í skýrslunni eru greint frá spurningunum út frá Norðurlöndunum í heild sinni en einnig út frá hverju landi fyrir sig. Að hvaða leyti eru löndin ólík? Þá verður greint frá svörunum út frá aldri, kyni, landfræðilegu samhengi og menntun.

Frá sjónarhorni stjórnmalanna má orða tilganginn með fyrirbyggjandi skýrslu á eftirfarandi hátt: Græn umskipti munu væntanlega hafa mismunandi áhrif á hina ýmsu samfélagshópa. Hætt er við að breytingar á framleiðslu og neyslu leiði til ójöfnuðar og átaka. Því er brýnt að mótuð verði velferðarstefna sem skapar samlegð með umhverfismálum og sem almenningur telur sanngjarna og réttláta. Ef takast á að sameina velferð og loftslagsmál er mikilvægt að skilja hvað mótar viðhorf fólks og miða pólitíska stefnu við það.

Í löndum með þróað velferðarkerfi eru íbúarnir almennt fylgjandi viðtækri loftslagsstefnu.

Þess ber að geta að Norðurlöndin eru almennt vel í stakk búin til að takast á við þetta. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að í löndum með þróað velferðarkerfi eru íbúarnir almennt meira fylgjandi viðtækri loftslagsstefnu. Þá eru íbúar landa með hátt hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa líklegir til að styðja við frekari fjárfestingar í þeim. Um leið er síður líklegt að íbúar landa með meiri notkun jarðefnaorkugjafa séu reiðubúinir að fjárfesta í endurnýjanlegum orkugjöfum vegna þess að þeir hafa áhyggjur af félags- og efnahagslegum afleiðingum grænna umskipta í orkugeiranum.¹

1 Fritz M. & Koch M., Public Support for Sustainable Welfare Compared: Links between Attitudes towards Climate and Welfare Policies, Sustainability (2019).

Aðferð

Spurningakönnunin var gerð á tímabilinu frá desember 2019 til febrúar 2020 og alls var rætt við 4734 einstaklinga á öllum Norðurlöndunum. Öll viðtölin fóru fram í gegnum síma. Rúmlega 800 viðtöl voru tekin í hverju landanna, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Á Íslandi voru tekin um 530 viðtöl en um 300 viðtöl í hverju hinna landanna, Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

Vægi gagnanna ræðst af íbúasamsetningu landanna hvað varðar aldur og kyn. Þá er innbyrðis vægi landanna á þann veg að Svíþjóð, sem hefur flesta íbúa, hefur 37,1 prósent vægi í heildarútkomunni, en vægi Álandseyja sem eru fámennastar er 0,1 prósent.

Ungt fólk er í meirihluta í úrtakinu þar sem við beindum kastljósi að viðhorfum ungs fólks til loftslagsmála. Vægi unga fólksins ræðst einnig af hlutfalli þess meðal íbúa í hverju landi fyrir sig.

Heildarskekkjumörkin eru reiknuð út frá tveimur útkomum. Annars vegar 20/80, þar eru skekkjumörkin áætluð 1,1 prósent og hins vegar 50/50 þar sem skekkjumörkin eru áætluð 1,4 prósent.

Hver sundurliðun eykur skekkjumörkin. Ef miðað er við 300 viðmælendur eru skekkjumörkin 4,5 prósent við útkomuna 20/80 en 5,7 prósent við útkomuna 50/50.



Viðhorf almennings á Norðurlöndum til umhverfis- og loftslagsmála

Loftslagsmálin hafa færest á ofar á dagskrá stjórnmalafólks á undanförunum árum. Jafnframt eru skiptar skoðanir á Norðurlöndunum á því hvernig bregðast eigi við loftslagsbreytingunum. Sumar almennar spurningar könnunarinnar snerta einmitt þetta.


Hvað telja íbúar á Norðurlöndum brýnast að eiga almennt samstarf um? Hver eru viðhorf Norðurlandabúa til loftslagsbreytinga og lýðræðislegrar þátttöku? Hvað gera íbúar á Norðurlöndum í þágu loftslagsins nú og hvað eru þeir tilbúnir að gera í framtíðinni? Spurningakönnunin spannaði breitt svið spurninga um umhverfis- og loftslagsmál og hvað fólk er reiðubúið að leggja á sig. Í þessum kafla skoðum við Norðurlöndin í heild sinni og almennar niðurstöður könnunarinnar.

Umhverfis- og loftslagsmál í brennidepli

Á Norðurlöndum segjast átta af tíu svarendum hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum. Ekki er mikill munur eftir löndum, samt hafa Danir mestar en Færeyingar minnstar áhyggjur. Þá telja átta af hverjum tíu að Norðurlöndin eigi að vera leiðandi í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Á landsvísu telja flestir á Grænlandi að Norðurlöndin eigi að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum en munur á löndunum er almennt lítill.

Aðspurðir um hvar draga eigi úr neikvæðum afleiðingum loftslagsbreytinga telja 53 prósent að leggja eigi áherslu á að draga úr losun utan Norðurlanda en 41 prósent segja að við eigum fyrst og fremst að draga úr losun á Norðurlöndunum. Finnar eru mest fylgjandi umhverfisaðgerðum utan Norðurlanda (65%) en spurningakönnunin sýnir að í Færeyjum og á Íslandi er mestur stuðningur við aðgerðir heima fyrir. Ef draga á úr losun á Norðurlöndunum segja 36 prósent aðspurðra að það eigi við um iðnað og framleiðslu, 28 prósent um samgöngur/ ferðalög og 14 prósent um orku og rafmagn. Umræddir geirar skipa þrjú efstu sætin hvarvetna á Norðurlöndum en röðunin er mismunandi.

53 prósent Norðurlandabúa telja að við eigum að draga úr losun annars staðar en á Norðurlöndum.



Mynd 1:

Átta af hverjum tíu Norðurlandabúum segjast hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum og telja að Norðurlöndin eigi að vera í fararbroddi í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum.

Fjöldi þeirra sem svara á þá leið að umhverfis- og loftslagsmál eigi að vera mikilvægasti málaflokkurinn í samstarfi Norðurlandanna hefur meira en tvöfaldast frá því að sama spurning var lögð fyrir Norðurlandabúa á árinu 2017.

Samkvæmt spurningakönnuninni eru umhverfis- og loftslagsmál mikilvægasti málaflokkurinn í norrænu samstarfi. Sá fjöldi sem telur umhverfis- og loftslagsmál brýnustu viðfangsefnin hefur tvöfaldast frá því á árinu 2017. Þá var sama spurning lögð fyrir almenning á Norðurlöndum í könnun þar sem varnar- og öryggismál voru talin mikilvægust en umhverfis- og loftslagsmál voru í fjórða sæti. Tölfræðin sýnir nú 44 prósent stuðning, næstum helmingi fleiri en þeir sem nefna varnar- og öryggismál, sem eru nú í öðru sæti (sjá mynd 2).

Á öllum Norðurlöndunum að undanskildum Færeyjum og Grænlandi hafa íbúarnir svarað á þá leið að umhverfis- og loftslagsmál séu eitt mikilvægasta samstarfssviðið (ýmist í fyrsta eða öðru sæti). Í Færeyjum og á Grænlandi eru menntamálin talin mikilvægasta samstarfssviðið samkvæmt könnuninni. Finnland, eitt Norðurlandanna, telur varnar- og öryggismál enn eiga að vera í fyrsta sæti, en einnig þar er stuðningur við loftslagsmálin 41 prósent (sjá mynd 7).

Traust til stjórnvalda

Eigi að vera hægt að innleiða umbætur sem styðja græn umskipti í norrænum samfélögum þarf almenningur að treysta stjórnvöldum og trúa því að stjórn mála-fólk geti brugðist við loftslagsvandinum.


Í könnuninni voru íbúarnir spurðir hve mikið traust þeir bera almennt til stjórnvalda í eigin landi. Alls svarar helmingur á þá leið að hann beri traust til kerfisins en um fjórðungur segist bera lítið eða ekkert traust til yfirvalda.

Svörin sýna að meiri tortryggni ríkir í garð stjórnvalda meðal þeirra 21 prósent sem hafa ekki áhyggjur af loftslagsbreytingum. Í samanburði við meðaltal á Norðurlöndum sem er 51 prósent segjast aðeins 34 prósent bera mikið eða frekar mikið traust til stjórnvalda.

Þegar spurt er hvort fólk hafi trú á að stjórn mála-fólk geti gripið til nauðsynlegra aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum svara nokkuð fleiri að þeir hafi litla eða enga trú á því (37 prósent) en þeir sem hafa mikla eða frekar mikla trú á því (30 prósent) (sjá mynd 4).


Minnihluti Norðurlandabúa hefur trú á því að stjórn mála-fólk geti gripið til aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum.

Þeir sem sögðust hafa litla trú á getu stjórn mála-fólks til að hrinda í framkvæmd loftslagsaðgerðum voru einnig beðnir um að færa rök fyrir efasemdum sínum. Þriðjungur svaraði því til að stjórnvöld væru of hægfara, fjórðungur taldi stjórn mála-fólk ekki fylgja sömu stefnu og þau sjálf studdu og einn fimmti taldi stjórn mála-fólk ekki vinna með hag almennings fyrir brjósti. Á mynd 4 má sjá að lítill minnihluti (2 prósent) telur einnig að stjórn mála-fólk þurfi ekki að aðhafast neitt í loftslagsmálum. Ástæðan getur annað hvort verið sú að þessi hópur viðurkenni ekki að vandinn sé fyrir hendi eða að frekari loftslagsbreytingar séu óumflýjanlegar.



Mynd 2: Ef þú hugsar um þau svið sem hægt er að eiga samvinnu um á Norðurlöndum hver þeirra telur þú þá að sé mikilvægast að eiga samstarf um?

■ 2019/2020 ■ 2017



Mynd 3:

Hve mikið traust berðu almennt til stjórnvalda í heimalandi þínu?



Mynd 4:

Að hve miklu leyti treystir þú því að stjórnmalafólk á Norðurlöndum muni grípa til nauðsynlegra aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum?

Hvað gera íbúar Norðurlanda í þágu loftslagsins nú og hvað eru þeir reiðubúnir að gera í framtíðinni?

Níu af hverjum tíu Norðurlandabúum segjast hafa flokkað úrgang á síðasta ári af tillitssemi við loftslagið. Þetta má líklega þakka vel þróðu kerfi og hefð fyrir flokkun í löndunum. Tveir af þremur svarendum segjast hafa keypt minni fatnað og aðrar vörur af tillitssemi við loftslagið og að þeir hafi keypt fleiri notaðar vörur. Svörin bera vott um umhverfisvitund og viðhorf þar sem íbúar vilja sjá betri auðlindanýtni, og endurspegla jafnframt grundvallarvilja almennings á Norðurlöndum til að leggja sitt af mörkum til þess að breytingar geti orðið. Það getur einnig endurspeglad vaxandi áherslu á deili- og hringrásarhagkerfi sem við sjáum í samfélaginu, einkum meðal atvinnurekenda og stjórnmálafólks.

Þá svarar rúmlega helmingur á þá leið að þeir hafi borðað meira grænkera-/grænmetisfæði (55 prósent) og valið vistvænni samgöngumáta (54 prósent) af tillitssemi við loftslagið.


Samanborið við önnur svör í boði hefur þeim fækkað sem segjast hafa haft pólitísk afskipti af loftslagsmálum. 11 prósent segjast hafa starfað með umhverfisverndarsamtökum og 11 prósent segja hafa tekið þátt í loftslagsmótmælum.

30 prósent svara á þá leið að þeir hafi skipt yfir í endurnýjanlega orku á heimilinu á síðasta ári en 48 prósent gætu hugsað sér að gera það í framtíðinni.

En hvað segjast Norðurlandabúar vera reiðubúnir að gera í þágu loftslagsins í framtíðinni? Við sjáum sömu heildarmyndina í þessum svörum: Fólk ætlar að halda áfram að endurnýta og kaupa minni fatnað og færri vörur. Mynd 6 sýnir litla sem enga aukningu á næstum öllum svörum miðað við það sem gert er í dag. Þá eru fleiri tilbúnir að nota vistvæna samgöngumáta, úr 54 prósent í 67 prósent og skipta yfir í endurnýjanlega orku á heimilinu, úr 30 prósent í 48 prósent. Þá er áhugi á auknu pólitísku starfi að loftslagsmálum. 17 prósent fleiri (úr 11 prósent í 28 prósent) segjast geta hugsað sér að taka þátt í mótmælum í framtíðinni, en 13 prósent fleiri (úr 11 prósent í 24 prósent) segjast ætla að skrá sig í umhverfisverndarsamtök.

Nú eru flestir starfandi í umhverfisverndarsamtökum á Íslandi, í Noregi og í Svíþjóð. Í framtíðinni er það aðallega fólk á Íslandi, á Álandseyjum og í Svíþjóð sem getur hugsað sér að gera meira af því.


Könnunin sýnir að möguleikar á því að skipta yfir í endurnýjanlega orku á heimilinu og að velja vistvænni samgöngumáta eru mestir á Íslandi. Samkvæmt svörum við þessari spurningu segjast 30 prósent fleiri vilja skipta yfir í endurnýjanlega orku á heimilinu í framtíðinni í stað þess sem þeir nota í dag og 34 prósent segjast vilja velja vistvænni samgöngumáta í framtíðinni. Í Danmörku (23 prósent) og á Álandseyjum (22 prósent) svara frekar margir á þá leið að þeir geti hugsað sér að velja vistvænni samgöngumáta í framtíðinni. Svarendur í Noregi og á Grænlandi segjast aftur á móti ekki ætla að gera meira á þessu sviði en þeir gera í dag.



Mynd 5:

Myndin sýnir almennt traust til stjórnmalafólks í samanburði við trú á því að stjórnmalafolk geti gripið til aðgerða gegn loftslagsbreytingum í löndunum.

- Trú á því að stjórnmalafolk geti gripið til aðgerða gegn loftslagsbreytingunum
- Almennt traust til yfirvalda



Mynd 6:

GAP-greining – nú miðað við framtíðina

Spurning: Hefurðu gert eitthvað af eftirfarandi í þágu loftslagsins á síðasta ári?

Spurning: Hvað af eftirfarandi telur þú að þú gætir gert í þágu loftslagsins í framtíðinni?

- Í framtíðinni
- Nú

Munur á löndunum

Við finnum meiri fjölbreytni í svörum á landsvísu en milli landa. Í þessum kafla fjöllum við nánar um hvert land fyrir sig, einkum þar sem Norðurlöndin eru frábrugðin hvert öðru.

Þegar svör frá mismunandi löndum eru borin saman við meðaltal á Norðurlöndum er mikilvægt að hafa í huga að niðurstöður stærstu landanna hafa mest áhrif á heildarniðurstöðuna. Á hinn bóginn má einnig segja að: Mannfæð hefur minni áhrif á heildarútkomuna. Þetta þýðir meðal annars að niðurstöður frá Svíþjóð eru nær norrænu meðaltali þar sem íbúar Svíþjóðar eru 37 prósent almennings á Norðurlöndum. Þegar niðurstöður frá Álandseyjum, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi eru frábrugðnar hinum löndunum hefur það lítil áhrif á niðurstöður Norðurlandanna í heild sinni. Þetta þýðir að svörin frá Svíþjóð hafa mest áhrif á heildarútkomuna.

Danmörk

Þrjú mikilvægustu samstarfssviðin í hugum íbúa Danmerkur tengjast öll loftslagsmálum og sjálfbærni.

Miðað við hin Norðurlöndin elja flestir svarendur í Danmörku umhverfis- og loftslagsmál vera mikilvægan málaflokk í norrænu samstarfi (sjá mynd 7), þar á eftir koma orkumál og orkunýtni og sjálfbær auðlindanýting en þetta er nokkuð frábrugðið því sem kemur fram annars staðar á Norðurlöndum. Danmörk er einnig það land þar sem flestir hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum (82 prósent).

Íbúar Danmerkur skera sig einnig úr öðrum Norðurlandabúum að því leyti að fleiri vilja draga úr losun frá orku/rafmagni (23 prósent samanborið við 14 prósent), einnig í landbúnaði og skógrækt (11 prósent miðað við 6 prósent). Þegar spurt er hvað fólk hefur gert í þágu loftslagsins á síðasta ári svarar lægra hlutfall svarenda í Danmörku að þeir hafi flokkað úrgang (76 prósent) af tillitssemi við loftslagið samanborið við hin Norðurlöndin (90 prósent).

Í Danmörku hafa svarendur nokkuð meiri trú (35 prósent) en meðaltalið á Norðurlöndum (30 prósent) á getu stjórnvalda til að grípa til loftslagsaðgerða.


Finnland

Í Finnlandi telja svarendur varnar- og öryggismálin vera brýnasta samstarfssviðið og sú var útkoman einnig árið 2017. Umhverfis- og loftslagsmál eru í öðru sæti en mikilvægi þeirra hefur þrefaldast frá árinu 2017 (sjá mynd 7). Meðal finnskra svarenda eru skoðanir hvað mest skiptar á því hvað sé mikilvægasti málaflokkurinn í norrænu samstarfi en svörin skiptast jafnt á milli sviða.

Finnland er með hæsta hlutfall (23 prósent) þeirra sem segja að Norðurlöndin eigi ekki að vera fyrirmynd í loftslagsaðgerðum. Hlutfallið í Finnlandi sem telur að Norðurlöndin eigi að vera í fararbroddi (74 prósent) er einnig nokkuð lægra en meðaltalið á Norðurlöndum (80 prósent). Þetta er enn sem áður verulegur meirihluti. Hærra hlutfall (65 prósent) telur að leggja eigi áherslu á að draga úr losun utan Norðurlanda. Það er töluvert hærra en meðaltalið sem er 53%.

Mynd 7:

Ef þú hugsar um þau svið sem hægt er að eiga samvinnu um á Norðurlöndum hver þeirra telur þú þá að sé mikilvægast að eiga samstarf um? (Þrjú efstu sætin í hverju landi)



■ Merking vísar til nýrra sviða í efstu þremur sætum hjá löndunum í samanburði við 2017

Samanborið við Norðurlöndin er lítill áhugi í Finnlandi á að hafa afskipti af umhverfismálum, hvort sem er nú eða í framtíðinni. Hlutfall þeirra sem starfað hafa í umhverfisverndar-samtökum og tekið þátt í mótmælum í Finnlandi er annars vegar 4 prósent og 5 prósent en meðaltalið á Norðurlöndum er 11 prósent. Þó að svarhlutfall í Finnlandi sé töluvert lægra en annars staðar á Norðurlöndum eru möguleikar á að hafa meiri afskipti af umhverfismálum innanlands í framtíðinni. 17 prósent segjast geta hugsað sér að skrá sig í umhverfisverndarsamtök eða taka þátt í loftslagsmótmælum, það er töluvert meira en gert er í dag.

Færeyjar

Í Færeyjum leggja svarendur áherslu á menntun sem mikilvægasta samstarfssvið Norður-landanna. Ólíkt flestum öðrum Norðurlöndum eru umhverfis- og loftslagsmál ekki í þremur efstu sætunum (sjá mynd 7). Í samanburði við meðaltalið á Norðurlöndum (78 prósent), eru Færeyjar með lægsta tölu (60 prósent) sem segist hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum og næstum helmingi fleiri en meðaltalið á Norðurlöndum segist ekki hafa áhyggjur af þeim eða 39 prósent í samanburði við 21 prósent.

Af Norðurlöndum telja íbúar Færeyja með íbúa á Íslandi þétt á hælum sér að leggja beri mesta áherslu á að draga losun á Norðurlöndum frekar en utan þeirra.

Íbúar í Færeyjum segja flestir Norðurlandabúa að leggja eigi áherslu á að draga úr losun á Norðurlöndum (63 prósent) frekar en utan þeirra (31 prósent). Landið segir í ríkari mæli eigi að draga úr losun vegna orku/raforku frekar en í iðnaði/framleiðslu sem er í efsta sæti á Norðurlöndum í heild sinni.

Færeyjar skera sig einnig úr því að því leyti að færri segjast vera tilbúnir sem einstaklingar að gera eitthvað í þágu loftslagsins. Á þetta bæði við um það sem þeir hafa gert á síðasta ári og það sem þeir hyggjast gera í framtíðinni, en við sjáum möguleika á aðgerðum á sviði vistvænna samgangna og endurnýjanlegrar orku á heimilinu.

Grænland

Svarendur á Grænlandi eiga margt sameiginlegt með íbúum Færeyja. Menntamálin eru sögð mikilvægasti málaflokkurinn í norrænu samstarfi en engin mál úr þremur efstu sætum hinna Norðurlandanna eru nefnd (sjá mynd 7). Hins vegar eru mörg svið nefnd þannig að á heildina litið vilja íbúarnir sjá mikla samvinnu.

Í samanburði við flest önnur Norðurlönd hafa færri áhyggjur af loftslagsbreytingum (þrátt fyrir að 67 prósent hafi áhyggjur), en á hinn bóginn segja fleiri en níu af hverjum tíu að Norðurlöndin eigi að vera í fararbroddi í loftslagsaðgerðum. Þetta er hæsta hlutfallið á Norðurlöndum (norrænt meðaltal er 80 prósent). 60 prósent svarenda á Grænlandi segja að Norðurlöndin eigi að leggja áherslu á að draga úr losun utan Norðurlanda en það er nokkuð hærra hlutfall en meðaltalið á Norðurlöndum sem er 53 prósent.

Framlög einstaklinga eru minni en annars staðar á Norðurlöndum, þriðjungur aðspurðra á Grænlandi segjast ekki hafa gert neitt í þágu loftslagsins á síðasta ári. 45 prósent segjast hafa gert eitthvað annað en nefnt er í þeim svörum sem boðið er upp á í könnuninni. Nánast allir segjast vera hættir

að kaupa plastpoka. Meirihlutinn segist geta hugsað sér að gera meira í framtíðinni en þeir gera nú.

Ísland

Ísland er eina landið þar sem svarendur í spurningarkönnuninni segja heilbrigðis- og velferðarmál (28 prósent) vera mikilvægasta samstarfssvið Norðurlandanna, þar á eftir koma umhverfis- og loftslagsmál (26 prósent) og menntamál (26 prósent) (sjá mynd 7).

Meirihlutinn (61 prósent) bendir á að leggja beri áherslu á að draga úr losun á Norðurlöndum. Þetta er 20 prósent hærra hlutfall en meðaltalið á Norðurlöndum. Nokkuð hærra hlutfall á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum telur að einkum eigi að draga úr losun í iðnaði/framleiðslu (46 prósent samanborið við 36 prósent).

Aðeins 28 prósent segjast bera traust til stjórnvalda samanborið við 51 prósent annars staðar á Norðurlöndum. Svarendur á Íslandi hafa minnsta trú á getu stjórnmalafólks til að grípa til loftslagsaðgerða. 20 prósent segjast treysta því en meðaltalið á Norðurlöndum er 30 prósent.

Svarendur meðal almennings á Íslandi eru aftur á móti efstir þegar þeir eru spurðir hvort þeir geri eitthvað í þágu loftslagsins nú. Þeir sýna einnig fram á mesta möguleika af öllum löndunum í framtíðinni, einkum hvað varðar vistvæna samgöngumáta (úr 48 prósent í 82 prósent), og endurnýjanlega orku á heimilinu (úr 26 prósent í 56 prósent). Jafnvel þegar kemur að afskiptum af umhverfismálum (starfa með samtökum eða taka þátt í mótmælum) er Ísland nú í fararbroddi en hugsanlega einnig í framtíðinni.

Á Norðurlöndum eru Íslendingar flestir þeirra sem segjast hafa gert eitthvað í þágu loftslagsins á síðasta ári en Svíþjóð kemur þétt á hæla þeirra.

Noregur

Þrátt fyrir að umhverfis- og loftslagsmál séu í efsta sæti í Noregi sem mikilvægasti málaflokkurinn í norrænu samstarfi, er hlutfall þeirra í könnuninni sem svarar þessu talsvert lægra (34 prósent) en hjá hinum stærri löndunum (Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð) (sjá mynd 7).

Fjórðungur svarenda í Noregi fullyrðir að hann kvíði ekki loftslagsbreytingum en aðeins Grænland og Færeyjar sýna hærra hlutfall sem hefur ekki áhyggjur.

Ásamt Álandseyjum er Noregur það land á Norðurlöndum þar sem almenningur ber mest traust til stjórnvalda (57 prósent). Jafnframt hafa fáir Norðmenn (22 prósent) mikla trú á getu stjórnmalafólks til að grípa til nauðsynlegra loftslagsaðgerða, samanborið við meðaltalið á Norðurlöndum sem er 30 prósent. 37 prósent hafa litla trú á því en það samsvarar meðaltalinu á Norðurlöndum.

Ólíkt hinum löndunum (nema Færeyjum) nefna Norðmenn samgöngur/ferðalög sem þann geira þar sem helst á að draga úr losun á Norðurlöndum. Að öðru leyti telur nokkuð hátt hlutfall norskra svarenda að þeir hafi lagt sig fram um að sporna gegn loftslagsbreytingum en metnaður til framtíðar er tiltölulega lítill miðað við hin löndin.

Svíþjóð

Hlutfall íbúa Svíþjóðar sem telja umhverfis- og loftslagsmál vera mikilvægasta samstarfssvið Norðurlandanna hefur tvöfaldast frá árinu 2017.

Frá árinu 2017 hefur sá fjöldi tvöfaldast í Svíþjóð sem telur umhverfis- og loftslagsmál vera mikilvægan málaflokk í norrænu samstarfi (sjá mynd 7). Fyrir vikið færast loftslagsmálinu úr öðru sæti í langefsta sætið á rúmum tveimur árum (úr 21 prósent í 43 prósent).

Þegar kemur að getu stjórnarálfólks til að grípa til nauðsynlegra loftslagsaðgerða þá hafa fleiri sænskir svarendur enga eða litla trú á því (40 prósent) en þeir sem hafa mikla trú á því (30 prósent). Svíar bera almennt lítið traust til stjórnarálfólks í samanburði við flest hin löndin. Minna en helmingur ber mikið traust til stjórnvalda (45 prósent) – það er um 10 prósent lægra en í Danmörku, Finnlandi og Noregi.

Svíþjóð ásamt Íslandi er það land þar sem flestir segjast hafa gert eitthvað í þágu loftslagsins á síðasta ári, og að þeir séu tilbúnir til að gera enn betur í framtíðinni – einkum að taka þátt í mótmælum (úr 12 prósent í 34 prósent) og skipta yfir í endurnýjanlega orku á heimilinu (úr 32 prósent í 53 prósent).

Álandseyjar

Hlutfall almennings á Álandseyjum sem telur umhverfis- og loftslagsmál vera mikilvægasta samstarfssviðið hefur tvöfaldast frá árinu 2017 og er sá málaflokkur nú í efsta sæti (sjá mynd 7). Hlutfallið hefur tvöfaldast úr 18 prósent árið 2017 og er nú 36 prósent.

Álandseyjar eru eitt þeirra landa þar sem flestir telja að Norðurlöndin eigi að vera í fararbroddi í loftslagsaðgerðum – 89 prósent samanborið við norræna meðaltalið sem er 80 prósent. Álandseyjar eru einnig í fremstu röð þegar kemur að aðgerðum í þágu loftslagsins á síðasta ári, og margir gefa til kynna að þeir gætu hugsað sér að gera betur í framtíðinni. Möguleikarnir felast aðallega í vistvænum samgöngum (+22 prósent), endurnýjanlegri orku á heimilum (+21 prósent) og aukinni þátttöku í umhverfisverndarstarfi.



Undirliggjandi þættir

Til viðbótar við almenna strauða er áhugavert að sjá hvort fram koma lýðfræði-leg, samfélagsleg og landfræðileg einkenni almennings á Norðurlöndum í tengs-lum við spurningarnar í könnuninni. Við höfðum áhuga á að kortleggja hugsanlegan marktækan mun milli kynja, menntunarstigs, búsetu og aldurs og hvernig sá munur hefði áhrif á svörin. Í spurningakönnuninni er lögð sérstök áhersla á ungt fólk (16-25 ára) og viðhorf þess til loftslagsbreytinga og lýðræðislegrar þátttöku. Þess vegna er ungt fólk fjölmennara í úrtakinu og því lýst nánar í skýrslunni.

Kyn

Við sjáum engan marktækan mun á kynjum hvað varðar traust til stjórnmalafólks eða trú á því að stjórnmalafólk geti hrint loftslagsaðgerðum í framkvæmd. Miðað við norræna meðaltalið er heldur enginn marktækur munur á því hvort áherslur Norðurlandanna á minnkandi losun eigi að vera innan Norðurlandanna eða utan þeirra. En þegar kemur að loftslagsmálum er greinilegur munur á konum og körlum. Konur hafa meðal annars meiri áhyggjur af loftslagsbreytingum og hærri hlutfall kvenna en karla svarar á þá leið að umhverfis- og loftslagsmál séu mikilvægt samstarfssvið.

Umhverfis- og loftslagsmál eru efst á lista yfir það sem bæði konur og karlar telja mikilvægast að eiga samstarf um á Norðurlöndum en þar á eftir koma varnar- og öryggismál. Þriðja sætið sker sig aftur á móti úr – þar nefna konur menntamál en karlar nefna efnahags- og fjármál.

Konur hafa meiri áhyggjur af loftslagsbreytingum en karlar.

Þrátt fyrir að þrjú efstu sætin hjá körlum og konum séu næstum þau sömu svara 50% kvenna í könnuninni að loftslags- og umhverfismál séu mikilvægust en hlutfall karla er 38 prósent.

Kynjamuninn er kannski hægt að skýra með því að konur hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum. Tæplega níu af hverjum tíu konum segjast vera áhyggjufullar en aðeins sjö af hverjum tíu körlum. 29 prósent karla í könnuninni segjast ekki hafa áhyggjur. Þetta þýðir að meira en helmingi fleiri karlar en konur hafa ekki áhyggjur (13 prósent kvenna hafa ekki áhyggjur). Ef við síum gögnin kemur í ljós að karlar sem hafa ekki áhyggjur af loftslagsbreytingum búa oft á landsbyggðinni og meira en helmingur þeirra er með styttri skólagöngu að baki en framhaldsskóla.

13 prósent fleiri konur en karlar segjast styðja hugmyndina um að Norðurlöndin eigi að vera í fararbroddi í yfirstandandi loftslagsaðgerðum (86 prósent gegn 73 prósent). Almennt svara fleiri konur að þær geri eitthvað í þágu loftslagsins nú og að þær muni gera betur fyrir loftslagið í framtíðinni. Samkvæmt spurningakönnuninni eru til dæmis áberandi fleiri konur sem borða grænkerafæði (+19 prósent), kaupa meira notað (+16 prósent) og minna af nýjum fötum og neysluvörum (+14 prósent).

Aldur, með sérstakri áherslu á ungt fólk (16–25 ára)

Fjölmiðlar hafa beint kastljósinu að þátttöku ungs fólks í loftslagsbaráttunni undir forystu Gretu Thunberg sem stóð að alþjóðlegri hreyfingu, Fridays for Future. Spurningakönnunin hefur því verið beint að viðhorfum ungs fólks til loftslagsbreytinga og lýðræðislegrar þátttöku.

Almennar niðurstöður sýna hins vegar að ekki er mikill munur á viðhorfum aldurshópanna til loftslags- og umhverfismála. Allir aldurshópar eru jafn áhyggjufullir vegna loftslagsbreytinganna. Kyn hefur meiri áhrif á mörg svörin og almennur kynjamunur á einnig við um ungt fólk.

Ungar konur hafa mestar áhyggjur af loftslagsbreytingum (91 prósent). Það er mun hærra hlutfall en meðaltal kvenna sem er 86 prósent. Ungir karlar hafa minni áhyggjur (70 prósent) og eru því ekki frábrugðnir körlum í öðrum aldurshópum. Hærra hlutfall ungra kvenna en ungra karla svarar á þá leið að loftslags- og umhverfismál séu mikilvægasta samstarfssviðið (49 prósent samanborið við 33 prósent).

Svarendur á öllum aldri telja loftslags- og umhverfismál vera mikilvægasta málaflokkinn í norrænu samstarfi en þar á eftir koma varnar- og öryggismál og efnahags- og fjármál. Ungu fólkið sker sig einnig úr að því að leyti að lágt hlutfall þess telur varnar- og öryggismál vera mikilvægt samstarfssvið. Fæstar ungar konur meðal svarenda telja umrætt svið mikilvægt (9 prósent) samanborið við jafnaldra karla (18 prósent) og meðaltal kvenna á Norðurlöndum (23 prósent).

Spurningum um traust til stjórnvalda, trú á því að stjórnmalafólk geti hrint nauðsynlegum loftslagsaðgerðum í framkvæmd, áhyggjur af loftslagsbreytingum og hvar Norðurlöndin eigi að draga úr losun svara aldurshóparnir næstum eins. Færra ungt fólk segist bera lítið traust til stjórnvalda – einkum í samanburði við elsta aldurshópinn, 66 ára og eldri. Ungt fólk yngra en 21 árs telur í ríkari mæli að Norðurlöndin eigi að vera leiðandi í loftslagsmálum (86 prósent). Á þetta einkum við um ungar konur (91 prósent samanborið við 76 prósent unga karla).

Á mynd 8 sjáum við að spurningu um hvað þeir hafa gert í þágu loftslagsins á síðasta ári svara aldurshóparnir svipað. Enginn aldurshópur er marktækt frábrugðinn meðaltalinu, en þó er nokkur áberandi munur á þeim. Við sjáum að ungt fólk er virkara á samfélagsmiðlum og marktækt fleira ungt fólk hefur sýnt borgaralega óhlýðni – reyndar allt að 11 prósent, samanborið við 2 prósent í hinum aldurshópunum. 7 prósent þeirra sem er eldri en 45 ára hafa tekið þátt í mótmælum, en 19 prósent ungs fólks, og nokkuð fleiri en í hinum aldurshópunum hafa starfað með umhverfisverndarsamtökum. Þá kaupir ungt fólk fleiri notuð föt, borðar meira grænkeru-/ grænmetisfæðu og velja vistvænan samgöngumáta. Skýringin getur líka verið sú að fjárráð ungs fólks eru minni en í öðrum aldurshópum. Könnunin sýnir að færri einstaklingar í þessum hópi nota endurnýjanlega orku á heimilinu, líklegast vegna þess að ungt fólk á ekki húsnæðið sem það býr í.

Allir aldurshópar hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum og líta á umhverfis- og loftslagsmál sem brýnasta málaflokkinn í norrænu samstarfi.

Hvað varðar það sem gert er í þágu loftslagsins nú, þá er lítill munur á svörum ólíkra aldurshópa, að undanskildum svörum um þátttöku í umhverfisverndarstarfi. Fleiri í aldurshópnum 16–25 ára segjast hafa haft afskipti af umhverfismálum á síðasta ári. Sjá mynd 8.

Mestur munur á svörum aldurshópa kemur fram í því sem svarendur geta hugsað sér **að gera í þágu loftslagsins í framtíðinni**. Eins og sjá má á mynd 9, þá er ungt fólk tilbúið að taka virkari þátt en það gerir í dag. Við sjáum líka að elstu hóparnir vilja gera minna á sumum sviðum en þeir gerðu á síðasta ári, til að mynda borða meira grænkeru-/grænmetisfæði og kaupa minni fatnað og aðrar vörur.

Munurinn á því sem gert er í þágu loftslagsins nú og því sem fólk hyggst gera í framtíðinni er mestur milli yngsta hópsins (16–25 ára) og elsta hópsins (66 ára og eldri). Ungu fólkið vill gera betur í loftslagsmálum í framtíðinni en aðrir aldurshópar. Sjá mynd 8.

Mestur er munurinn á yngstu og elstu svarendum (66 ára og eldri). Þetta á einkum við um notkun endurnýjanlegrar orku á heimilinu svo og starfi með umhverfisverndarsamtökum. Á mynd 9 má sjá að 34 prósentustigum fleira ungt fólk vill skipta yfir í endurnýjanlega orku á heimilinu, samanborið við 2 prósentustiga fjölgun meðal þeirra sem eru 66 ára og eldri. Við veitum því einnig eftirtekt að 23 prósent fleira ungt fólk gæti hugsað sér að ganga til liðs við umhverfisverndarsamtök í framtíðinni, samanborið við 4 prósent fleiri meðal þeirra sem eru 66 ára og eldri. 27 prósent unga fólksins segjast vera tilbúin að sýna borgaralega óhlýðni í framtíðinni, en það er áberandi hærri tala en í öllum öðrum aldurshópum (meðaltalið er 14 prósent). Það gæti falist í að koma í veg fyrir framleiðslu sem hefur skaðleg áhrif á loftslagið, fara í skólaverkfall eða taka þátt í öðrum aðgerðum.

Meðal ungs fólk eru ungar konur stærsti hópurinn og þær skera sig úr hvað varðar það sem þær hafa gert og hyggjast gera í þágu loftslagsins í framtíðinni. 72 prósent ungra kvenna segjast hafa borðað grænmetisfæðu á síðasta ári af tillitssemi við loftslagið. Það er 29 prósentustigum hærri en meðal ungra karla og 10 prósentustigum hærri en meðaltal kvenna. Ungar konur skera sig einnig úr að því leyti að margar hafa starfað í umhverfisverndarsamtökum², tekið þátt í mótmælum³ og sýnt borgaralega óhlýðni⁴. Ungir karlar hafa einnig sýnt meiri borgaralega óhlýðni (9 prósent) en norræna meðaltalið (3 prósent).

Ungar konur eru tilbúnar að gera meira í þágu loftslagsins í framtíðinni. Einkum að hafa afskipti af umhverfismálum. Sjá töflu 1.


Eins og sjá má á töflu 1 bera svör ungra kvenna vitni um meiri róttækni en hjá öðrum hópum hvað varðar áhuga á að hafa afskipti af umhverfismálum í framtíðinni. Konur eru sá hópur sem er helst reiðubúinn að sýna borgaralega óhlýðni en ungir karlar skera sig einnig úr í samanburði við hina aldurshópana. Myndin verður skýrari þegar við lítum eingöngu á aldurshópinn 16–20 ára og enn skýrari þegar við skoðum aldurshópinn 16–28 ára. Eins og við sjáum er sama uppi á teningnum hvað varðar þátttöku í umhverfisverndarsamtökum og þátttöku í mótmælum. Ungar konur tjá sig mun meira um loftslagsmál á samfélagsmiðlum en jafnaldra karlar og konur almennt. Bæði kynin svara hins vegar á þá leið að þau gætu hugsað sér að ganga í stjórnmalaflokk vegna loftslagsmála í framtíðinni, en sú tala er mun hærri en í öðrum aldurshópum.

Hvað varðar endurnýjanlega orku á heimilinu og vistvænan samgöngumáta þá eru ungir karlar og ungar konur í heildina á sama stigi, og virðist aldur skipta máli hvað varðar þennan málaflokk. Hugsanlegt er að starf með umhverfisverndarsamtökum og borgaraleg óhlýðni séu tiltölulega auðveld fyrir ungt fólk en á þeim aldri skiptir minna máli að kaupa sér bíl og húsnæði og því er látið sitja við áformin enn um sinn.

2 Ungar konur: 21%, ungir karlar: 14%, konur almennt: 14%

3 Ungar konur: 25%, ungir karlar: 13%, konur almennt: 13%


4 Ungar konur: 14%, ungir karlar: 9%, konur almennt: 4%



Mynd 8:

Samanburður á aðgerðum ólíkra aldurshópa í þágu loftslagsins undangengið ár.

16-25 ára
26-45 ára
46-65 ára
66+ ára



Mynd 9:

GAP-greining:
Samanburður á fjórum aldurshópum

Spurning: Hefurðu gert eitthvað af eftirfarandi í þágu loftslagsins á síðasta ári?

Spurning: Hvað af eftirfarandi heldurðu að þú gætir gert í þágu loftslagsins í framtíðinni?

16-25 ára
26-45 ára
46-65 ára
66+ ára

	Norðurlönd	Karlar	Konur	Ungir karlar (16-25 ára)	Ungar konur (16-25 ára)
Taka virkan þátt á samfélagsmiðlum	35%	30%	41%	41%	62%
Taka þátt í mótmælum	28%	24%	31%	30%	50%
Starfa með umhverfisverndarsamtökum	24%	19%	30%	32%	49%
Sýna borgaralega óhlýðni	14%	12%	16%	21%	32%
Ganga í stjórnmálaflokk	13%	12%	13%	22%	24%

Tafla 1

Ungt fólk og afskipti af umhverfismálum

Hvað af eftirfarandi heldurðu að þú gætir gert í þágu loftslagsins í framtíðinni?

Menntamál

Í könnuninni er svarendum skipt í þrjá hópa eftir menntun: grunnskólaprófi eða sambærilegu, framhaldsskólaprófi eða sambærilegu og háskólaprófi eða sambærilegu.

Menntun hefur lítil áhrif á hvort fólk telur loftslags- og umhverfismál vera mikilvægasta samstarfssviðið. Í samanburði við meðaltalið 44 prósent svara þeir sem eru með háskólapróf í nokkuð meira mæli að loftslags- og umhverfismál séu mikilvægust (49 prósent) en fólk með grunnskólapróf (40 prósent) og framhaldsskólapróf (38 prósent). Ástæðan getur verið sú að fleiri svarendur með háskólamenntun segist hafa meiri áhyggjur af loftslagsmálum (83 prósent) en fólk með framhaldsskólapróf (72 prósent) eða grunnskólapróf (77 prósent).

Fólk með styttri skólagöngu að baki hefur minni áhyggjur af loftslagsbreytingum – 22 prósent fólks með grunnskólapróf, 27 prósent með framhaldsskólapróf og 16 prósent fólks með háskólapróf segist ekki hafa áhyggjur.

Íbúar með langa skólagöngu að baki bera meira traust til yfirvalda í sínu landi en fólk með stutta skólagöngu að baki.

Menntunarstigið hefur mest áhrif á traust svarenda til yfirvalda. 61 prósent fólks með háskólapróf eða sambærilega menntun bera traust til stjórnmalafólks í sínu landi. Þetta er 10 prósentustigum hærra en norræna meðaltalið og 20 prósentustigum hærra en hjá fólki með styttri skólagöngu að baki.

Hærra hlutfall svarenda með háskólapróf segist hafa gert meira í þágu loftslagsins á síðasta ári en svarendur með styttri skólagöngu að baki. Allir svarendur óháð menntun eru tilbúnir að gera meira í þágu loftslagsins í framtíðinni. Hlutfall háskólamenntaðra er aðeins hærra en fólks með styttri skólagöngu að baki en munurinn milli þeirra er hverfandi.

Mikilvægi búsetu

Til að fá heildarmynd af landfræðilegum mun á Norðurlöndum skiptum við svarendum í eftirtalda hópa: stærri höfuðborgir, nágrannasveitarfélög höfuðborga, aðrar stórborgir, meðalstórar borgir, minni höfuðborgir og landsbyggðina. Minni höfuðborgir er að finna á Álandseyjum, í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Gögnin sýna að búseta hefur áhrif á svör Norðurlandabúa og í þessum kafla förum við yfir þann mun sem við komum auga á.


Óháð búsetu eru umhverfis- og loftslagsmál efst á lista þess sem almenningur á Norðurlöndum telur brýnast að eiga samstarf um.

Í stórum höfuðborgum, að nágrannasveitarfélögum höfuðborga meðtöldum eru fleiri svarendur sem líta á umhverfis- og loftslagsmál og varnar- og öryggismál sem mikilvæg samstarfssvið. Minni norrænar höfuðborgir skera sig úr – þar eru menntamál í efsta sæti (sjá mynd 10).

Við sjáum á mynd 10 að hærra hlutfall svarenda í stórum höfuðborgum og nágrannasveitarfélögum höfuðborga telja umhverfis- og loftslagsmál vera

Mynd 10:

Ef þú hugsar um þau svið sem hægt er að eiga samvinnu um á Norðurlöndum hver þeirra telur þú þá að sé mikilvægast að eiga samstarf um?



mikilvægasta samstarfssviðið (annars vegar 50 prósent og hins vegar 55 prósent) en meðal íbúa á landsbyggðinni öðrum stórborgum.

En auk þess sjáum við að íbúar höfuðborga og nágrannasveitarfélaga auk annarra stórborga hafa mestar áhyggjur af loftslagsbreytingum. 89 prósent íbúa í stórum höfuðborgum, 87 prósent í nágrannasveitarfélögum og 82 prósent í öðrum stórborgum segjast hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum en 74 prósent íbúa á landsbyggðinni segjast hafa áhyggjur. Niðurstöðurnar sýna einnig að fleiri í höfuðborgunum (85 prósent) og öðrum stórborgum (82 prósent) en á landsbyggðinni (77 prósent) telja að Norðurlöndin ættu að vera leiðandi í loftslagsmálum.

Í öllum norrænum höfuðborgum telur meira en helmingur svarenda að við eigum að einbeita okkur að því að draga úr losun á Norðurlöndunum (53 prósent í stóru höfuðborgunum og 58 prósent í minni höfuðborgum). Þetta er yfir meðaltali sem er 41 prósent. Á sama tíma segjast 37 prósent íbúa á landsbyggðinni vilja draga úr losun á Norðurlöndum og meirihlutinn (55 prósent) telur að við eigum að einbeita okkur að því að draga úr losun utan Norðurlandanna.

Landfræðilega heildarmyndin sýnir enn fremur að stóru höfuðborgirnar telja dýrmætast að leggja sitt af mörkum til loftslagsmála, en tölur úr minni höfuðborgum sýna mikla framtíðarmöguleika – einkum varðandi vistvænan samgöngumáta og endurnýjanlega orku á heimilinu.





Niðurstaða og vangaveltur

Í könnuninni voru tekin viðtöl við tæplega fimm þúsund manns á Norðurlöndunum um viðhorf Norðurlandabúa til loftslagsmála og lýðræðislegrar þátttöku. Við höfðum sérstakan áhuga á að kanna viðhorf ungs fólks og því er aldurshópurinn 16–25 ára hlutfallslega stærri en aðrir hópar. Vægi unga fólksins miðast við hlutfallslega við íbúafjölda hvers lands um sig.

Ein mikilvægasta niðurstaða skýrslunnar er sú að átta af tíu Norðurlandabúum hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum. Niðurstaðan er nokkuð jöfn og sambærileg í öllum löndunum. Jafnmargir, átta af hverjum tíu telja að Norðurlöndin eigi að vera brautryðjendur í loftslagsmálum. Meira en helmingur telur að leggja eigi áherslu á að draga úr losun út í andrúmsloftið utan Norðurlanda. Þetta eru mun fleiri en þeir sem telja að grípa eigi til sambærilegra aðgerða á Norðurlöndunum.

Meira en helmingur Norðurlandabúa segist bera traust til stjórnvalda í sínu landi en 27 prósent bera lítið eða ekkert traust til þess. Hins vegar svara fleiri að þeir hafi ekki trú á því að stjórnmalafólk geti gripið til aðgerða gegn loftslagsbreytingum en þeir sem segjast hafa trú á því. Könnunin sýnir að umhverfis- og loftslagsmál eru talin brýnasti málaflokkurinn í norrænu samstarfi. Þetta er meira en tvöföldun síðan sömu spurningu var varpað fram á árinu 2017. Í samhenginu má sjá að átta af hverjum tíu íbúum hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum. Í öllum löndunum að Færeyjum og Grænlandi undanskildum hafa íbúar svarað á þá leið að umhverfis- og loftslagsmál eigi að vera forgangssvið í samstarfinu (ýmist í fyrsta eða öðru sæti).

Almenningur á Norðurlöndum virðist vera nokkuð tilbúinn til að gera breytingar á venjum sínum og hegðun til þess að sporna við loftslagsbreytingum. Níu af hverjum tíu flokka úrganginn en tveir þriðju hafa breytt fatakaupum sínum (kaupa frekar notað en nýtt). Fleiri Norðurlandabúar segjast hafa metnað til að velja vistvænni samgöngumáta og vilja skipta yfir í endurnýjanlega orku á heimilinu í framtíðinni. Tölur könnunarinnar sýna einnig að fleiri vilja verða virkari í stjórnmálum. 11 prósent segjast hafa tekið þátt í mótmælum á síðasta ári en 28 prósent segjast vilja gera það í framtíðinni. 24 prósent svarenda vilja einnig skrá sig í umhverfisverndarsamtök í framtíðinni, samanborið við 11 prósent sem nú eru félagar í umhverfisverndarsamtökum.

Á sumum sviðum er lýðfræðilegur, landfræðilegur og samfélagslegur munur á svörum, en allt lítur út fyrir að kyn, menntun og aldur hafi engin marktæk áhrif á niðurstöðurnar og að viðhorf hópanna séu á heildina lítið nokkuð svipuð. Því er ekki ástæða til að gera of mikið úr muninum. Engu að síður eru ákveðin blæbrigði.

Hærra hlutfall kvenna hefur áhyggjur af loftslagsbreytingum (86 prósent) samanborið við karla (70 prósent). Fleiri konur svara á þá leið að umhverfis- og loftslagsmál eigi að vera mikilvægasta samstarfssvið Norðurlandanna (50 prósent á móti 38 prósent karla í könnuninni). Þetta er í samræmi við aðrar kannanir sem sýna að konur taka umhverfisvandann alvarlegar.

Í könnuninni sjáum við að menntun skiptir mestu máli þegar svarendur tjá sig um traust í garð stjórnvalda. 61 prósent þeirra sem hafa háskólamenntun

bera mikið traust til stjórnmalafólks í sínu landi. Þetta er tíu prósentustigum hærra en meðaltalið á Norðurlöndum og 20 prósent hærra en hjá fólki með styttri skólagöngu að baki. Hins vegar hefur menntun mun minni áhrif á viðhorf til loftslags- og umhverfismála.

Við sjáum að kyn hefur áhrif á viðhorf til loftslagsmála og að menntunarstig hefur áhrif á almennt traust borgaranna til stjórnmalamanna. Aldur hefur aftur á móti minnst áhrif á svörin en búseta hefur á heildina lítið nokkru meiri áhrif.

Við hefðum getað búist við meiri fjölbreytni í svörunum miðað við aldur, en svör aldurshópanna við spurningunum í könnuninni eru að mestu einsleit. Eitt atriði sker sig úr og það snýst um hvað svarendur ætla að gera í þágu loftslagsins í framtíðinni. Hér sjáum við merkjanlegan mun á yngsta aldurshópnum (16–25 ára) og þeim elsta (66 ára og eldri), en unga fólkið er reiðubúið að gera meira fyrir loftslagið í framtíðinni. Meðal unga fólksins er einnig munur á konum og körlum, en ungur konur hafa meiri áhyggjur af loftslagsbreytingum en karlar auk þess sem fleiri konur telja að umhverfis- og loftslagsmál séu mikilvægasti málaflokkurinn í norrænu samstarfi. Ungar konur eru þó verulega frábrugðnar jafnaldra körlum og konum almennt að því leyti að þær gætu hugsað sér að taka meiri þátt í umhverfispólítík í framtíðinni.

Það er á landsvísu sem við finnum stærri tilbrigði, en af undirliggjandi þáttum hefur landfræðileg búseta fólks mikil áhrif á það hvernig Norðurlandabúar svara spurningunum í könnuninni. Helsti munurinn er milli stórra höfuðborga og landsbyggðarinnar. Íbúar höfuðborga og stórborga hafa meiri áhyggjur af loftslagsbreytingum en íbúar á landsbyggðinni. Svarendur í höfuðborgunum telja einnig í ríkari mæli að Norðurlöndin eigi að vera leiðandi í loftslagsmálum og að við eigum að draga úr losun innan Norðurlandanna.

Eins og fram hefur komið er ekki ástæða til að gera of mikið úr þessum mun. Svörin frá íbúum Norðurlandanna endurspeglar á heildina lítið svipað mynstur.

Vangaveltur

Loftslagsmálin eru áskorun. Allir Norðurlandabúar segja núverandi ástand valda áhyggjum og kalla á samstarf og aðgerðir. Þessi greining gefur okkur heildarmynd sem við megum ekki líta framhjá: Hún sýnir sama mynstur á svæðinu með örfáum blæbrigðum. Næstum allir hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum og eru tilbúnir að gera meira til að skapa betri framtíð. Það er fleira sem sam-einar okkur en sundrar okkur. Ein mikilvæg skilaboð standa upp úr: Norðurlöndin standa saman í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Mikilvægt er að skilja þessi viðhorf og móta viðeigandi pólitískar áætlanir út frá þeim. Fyrir norrænt samstarf eru þetta skýr skilaboð um að umhverfis- og loftslagsmál eru efst á lista yfir málaflokka sem Norðurlandabúar telja brýnt að eiga samvinnu um.

Einnig má benda á að ekki óverulegur hluti svarenda segist hafa litla trú á því að stjórnmalamenn geti gripið til aðgerða gegn loftslagsbreytingum, en 30 prósent segjast hafa trú á því. Tökum Noreg sem dæmi: Af íbúum Norðurlanda bera Norðmenn mest traust til stjórnmalafólks (57 prósent), en jafnframt hafa fáir Norðmenn frekar mikla eða mikla trú (22 prósent) á því að stjórnmalamennirnir geti gripið til aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum.

Þar sem loftslagsmálin hafa fengið áberandi meira vægi meðal almennings á Norðurlöndum og átta af hverjum tíu hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum, er

þetta ákall um aðgerðir. Á hinn bóginn má líka lesa út úr þessu sameiginlegan skilning íbúanna á því að allir verði að leggja til hugmyndir og lausnir. Þó að við sjáum möguleika á að axla meiri ábyrgð á loftslaginu í framtíðinni, og þá einkum meðal ungs fólks, þá er ekki gefið að orð leiði til athafna. Hér blasir við mikilvægt verkefni við að skipuleggja og skapa tækifæri fyrir almenning til að leggja sitt af mörkum með því að auðvelda fólki að velja vistvænni kosti.

Nokkur blæbrigði eru í undirliggjandi þáttum könnunarinnar. Við sjáum mesta muninn á landsvísu. Jafnframt er mikilvægt að benda á að munurinn milli landanna er ekki mjög mikill. Umhverfis- og loftslagsmál eru í efsta sæti í flestum löndum. Hvort sem þú ert karl eða kona, með langa eða stutta skólagöngu að baki, býrð í norræni höfuðborg, stórborg, minni bæ eða á landsbyggðinni, þá sjáum við áhyggjur af loftslagsmálum.

Norðurlandabúar hafa áhyggjur af loftslagsbreytingunum óháð kyni, aldri, menntun eða búsetu.

Því er óhætt að endurtaka mikilvægustu skilaboð skýrslunnar: Norðurlöndin standa saman í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Framtíðarsýn 2030

Lausnir á því hvernig bregðast má við loftslagsvandanum eru mismunandi innan Norðurlandanna en þau hafa sameiginlegan vilja og metnað um að stöðva þurfi loftslagsbreytingarnar. Ein meginniðurstaða könnunarinnar er sú að umhverfis- og loftslagsmál eru sá málaflokkur sem við eigum að vinna saman að á Norðurlöndum. Hlutfallið sem svarar á þessa leið hefur meira en tvöfaldast frá því að Norðurlandabúar voru inntir álits síðast á árinu 2017. Á tveimur árum hafa umhverfis- og loftslagsmál orðið mikilvægasta sviðið í norrænu samstarfi og við getum túlkað þessa niðurstöðu sem mikinn og síaukinn þunga hvað varðar áhersluna á þennan málaflokk.

Framtíðarsýn okkar 2030 er framlag Norrænu ráðherranefndarinnar til að efla samstarf um að leysa sameiginleg viðfangsefni landanna á sviði sjálfbærni með áherslu á nauðsynleg græn umskipti. Í ágúst 2019 funduðu forsætisráðherrar Norðurlandanna í Reykjavík til að ræða sjálfbærni og loftslagsmál. Á fundinum var framtíðarsýnin samþykkt en í henni er undirstrikað að Norræna ráðherranefndin á að vera áhrifaríkt tæki til að gera Norðurlönd að sjálfbærasta og samþættasta svæði í heiminum fyrir árið 2030.

Framtíðarsýnin mun hafa áhrif á störf allrar Norrænu ráðherranefndarinnar. Málaflokkar verða skoðaðir með það fyrir augum að tryggja fjármagn fyrir áætlanir, verkefni og starfsemi í samræmi við framtíðarsýnina. Metnaðurinn beinist að því að breyta samstarfinu í þá átt að auka vægi þess fyrir almenn-ing á Norðurlöndum. Virkt samráð við félagasamtök er einnig liður í því ferli.

Nú er tímabært að nýta styrk Norðurlanda í þágu loftslagsins og hagsmuna samfélagsins og setja þetta málefni í algjöran forgang. Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun og Parísarsamkomulagið vísa okkur veginn en við verðum að stefna hærri og vinna hraðar.

Fylgiskjöl

Svörin í könnuninni fyrir Norðurlöndin í heild og skipt eftir löndum

1. Ef þú hugsar um þau svið sem hægt er að eiga samvinnu um á Norðurlöndum hver þeirra telur þú þá að sé mikilvægast að eiga samstarf um

	Norður- lönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álands- eyjar	Færeyjar	Grænland
Fjöldi viðtala	4734	829	825	825	837	533	311	270	304
Umhverfis- og loftslagsmál	44%	43%	34%	57%	41%	26%	36%	12%	21%
Varnar- og öryggismál	26%	27%	19%	12%	46%	9%	16%	1%	13%
Efnahags- og fjármál	14%	16%	9%	11%	20%	7%	18%	5%	14%
Menntamál	11%	10%	7%	9%	17%	26 %	18%	40%	42%
Aðlögun og málefni flóttafólks	11%	15%	3%	11%	10%	9%	6%	1%	5%
Orka/orkunýtni	10%	6%	8%	1 %	12%	4%	2%	5%	10%
Heilbrigðis- og velferðarmál	9%	8%	8%	7%	11%	28%	14%	13%	28%
Atvinnulíf/ málefni fyrirtækja	8%	3%	6%	6%	22%	4%	3%	10%	9%
Menningarmá	8%	5%	8%	7%	14%	12%	7%	14%	24%
Vinnumál	8%	9%	4%	6%	10%	4%	11%	5%	8%
Sjálfbær nýting náttúruauðlinda	8%	4%	6%	13%	12%	4%	1%	1%	15%
Aðgerðir gegn glæpum yfir landamæri Norðurlanda	8%	9%	2%	8%	10%	6%	1%	2%	9%
Við eigum að vinna eins mikið saman og unnt er	7%	5%	3%	6%	16%	9%	5%	9%	29%
Rannsóknir/ nýsköpun	7%	4%	5%	8%	11%	4%	2%	1%	17%
Matvæli og landbúnaður	6%	4%	5%	8%	10%	3%	%	3%	6%
Jafnrétti	6%	6%	1%	5%	10%	10%	5%	1%	20%
Utanríkismá	6%	3%	2%	6%	13%	5%	1%	3%	7%
Samskipti við ESB	5%	4%	2%	6%	10%	3%	1%	2%	4%
Löggjafar-samstarf	4%	2%	2%	6%	9%	5%	3%	4%	7%
Tungumál	3%	1%	2%	3%	7%	5%	5%	17%	19%
Byggðamál/ byggðaðróun	3%	1%	1%	3%	8%	2%	%	0%	5%
Annað	27%	34%	28%	2 %	14%	22%	26%	10%	14%
Alls	236%	220%	164%	240%	332%	208%	183%	161%	328%
Ekkert svið/ veit ekki	12%	8%	19%	14%	7%	25%	8%	12%	3%

2. Hve mikið traust berðu til stjórnvalda í þínu landi? Með stjórnvöldum er átt við helstu stofnanir samfélagsins en einnig stjórnmalafólk, þjóðkjörna fulltrúa og embættismenn.

	Norður- lönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álands- eyjar	Færeyjar	Grænland
Fjöldi viðtala	4734	829	825	825	837	533	311	270	304
Mjög mikið traust	11%	11%	14%	10%	10%	3%	12%	3%	2%
Frekar mikið traust	40%	34%	43%	44%	44%	25%	48%	39%	13%
Hvorki né	22%	22%	24%	15%	26%	37%	21%	34%	27 %
Lítið traust	20%	24%	12%	23%	15%	27%	14%	17%	34%
Ekkert traust	7%	9%	6%	%	4%	6%	3%	5%	21%
Ekkert svið/ veit ekki	1%	1%	1%	2%	0%	1%	1%	3%	3%

3. Hefurðu áhyggjur eða ekki af loftslagsbreytingum?

	Norður- lönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álands- eyjar	Færeyjar	Grænland
Fjöldi viðtala	4734	829	825	825	837	533	311	270	304
Já, ég hef áhyggjur	78%	79%	73%	82%	78%	77%	78%	60%	67%
Nei, ég hef ekki áhyggjur	21%	20%	25%	18%	21%	22%	21%	39%	29%
Ekkert svið/ veit ekki	1%	1%	2%	1%	1%	1%	0%	1%	4%

4. Finnst þér að Norðurlönd eigi að vera í fararbroddi í loftslagsmálum, eða ekki?

	Norður- lönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álands- eyjar	Færeyjar	Grænland
Fjöldi viðtala	4734	829	825	825	837	533	311	270	304
Já, Norðurlönd eiga að vera í fararbroddi	80	81	80	82%	74%	77%	89%	79%	92%
Nei, Norðurlönd þurfa ekki að vera í fararbroddi	18%	16%	17%	16%	23%	18%	9%	18%	6%
Ekkert svið/ veit ekki	3%	3%	3%	2%	3%	4%	2%	3%	3%

5. Á hvað telur þú að Norðurlöndin eigi að leggja áherslu til að draga úr neikvæðum áhrifum á loftslagið?

	Norður- lönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finland	Ísland	Álands- eyjar	Færeyjar	Grænland
Fjöldi viðtala	4734	829	825	825	837	533	311	270	304
Draga úr losun á Norðurlöndum	41%	39%	47%	48%	30%	61%	44%	63%	34%
Stuðla að minnkun losunar utan Norðurlanda	53%	57%	44%	44%	65%	28%	53%	31%	60%
Það þarf ekki að draga úr losun	3%	1%	3%	4%	3%	4%	1%	1%	5%
Veit ekki	4%	3%	6%	5%	2%	7%	2%	5%	2%

6. Ef draga ætti úr losun á Norðurlöndum, hvar ætti það þá helst að vera?

	Norður- lönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álands- eyjar	Færeyjar	Grænland
Fjöldi viðtala	4734	829	825	825	837	533	311	270	304
Í iðnaði og framleiðslu	36%	40%	29%	31%	41%	46%	33%	16%	38%
Í samgöngum/ferðalögum	28%	34%	35%	21%	19%	25%	26%	30%	27%
Í orku- og raforkumálum	14%	9%	13%	23%	18%	9%	16%	28%	13%
Í landbúnaði og skógrækt	6%	4%	4%	11%	7%	5%	8%	5%	5%
Í byggingum og fasteignum	4%	3%	4%	5%	5%	1%	2%	3%	4%
Annað	5%	5%	7%	4%	3%	3%	7%	3%	6%
Ekkert af framansögðu	2%	2%	2%	1%	4%	2%	1%	0%	2%
Veit ekki	4%	4%	5%	5%	3%	9%	6%	16%	5%

7. Hve mikla trú hefur þú á því að norrænir stjórnmálamenn eigi eftir að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum?

	Norður-lönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finland	Ísland	Álands-eyjar	Færeyjar	Grænland
Fjöldi viðtala	4734	829	825	825	837	533	311	270	304
Mjög mikið traust	4%	4%	3%	4%	4%	1%	1%	4%	4%
Frekar mikið traust	26%	27%	19%	31%	29%	19%	35%	27%	24%
Hvorki né	29%	26%	35%	25%	32%	32%	31%	27%	19%
Lítið traust	29%	31%	30%	32%	24%	35%	25%	26%	31%
Ekkert traust	8%	10%	8%	6%	6%	9%	3%	4%	7%
Stjórnmálafólk þarf ekki að samþykkja neinar aðgerðir	2%	1%	2%	1%	4%	2%	2%	1%	2%
Veit ekki	2%	2%	3%	2%	0%	2%	3%	9%	13%

8. Hefurðu gert eitthvað af eftirfarandi í þágu loftslagsins á síðasta ári?

	Norður-lönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álands-eyjar	Færeyjar	Grænland
Fjöldi viðtala	4734	829	825	825	837	533	311	270	304
Flokkun úrgangs	90%	94%	92%	76%	94%	97%	97%	71%	14%
Keypt minna af nýjum fatnaði og vörum	65%	65%	65%	64%	68%	72%	74%	46%	10%
Keypt notuð föt eða aðrar vörur	65%	64%	62%	69%	65%	71%	76%	44%	10%
Borðað meira grænkeru-/grænmetis-fæði	55%	60%	46%	47%	63%	44%	57%	18%	5%
Valið vistvænan samgöngu-máta	54%	58%	59%	47%	52%	48%	48%	20%	7%
Skipt yfir í endurnýjanlega orku á heimilinu	30%	3%	29%	30%	31%	2 %	34%	1 %	8%
Tekið virkan þátt á samfélags-miðlum	29%	31%	32%	25%	25%	33%	32%	19%	3%
Starfað með umhverfis-verndar-samtökum	11%	15%	14%	10%	4%	19%	11%	8%	1%
Tekið þátt í mótmælum	11%	12%	15%	9%	5%	18%	6%	9%	2%
Annað	9%	8%	9%	14%	8%	8%	6%	6%	45%
Gengið í stjórnmálaflokk	7%	9%	11%	5%	2%	11%	7%	7%	0%
Sýnt borgaralega óhlyðni*	3%	3%	%	4%	3%	6%	3%	0%	0%
**Alls	430%	450%	437%	399%	42 %	452%	45 %	268%	106%
Nei, ég hef ekkert gert	2%	2%	3%	2%	2%	1%	1%	9%	33%

9. Hvað af eftirfarandi heldurðu að þú gætir gert í þágu loftslagsins í framtíðinni?

	Norður- lönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álands- eyjar	Færeyjar	Grænland
Fjöldi viðtala	4734	829	825	825	837	533	311	270	304
Flokka úrgang	83%	83%	78%	78%	92%	82%	84%	60%	16%
Kaupa notuð föt eða aðrar vörur	71%	73%	60%	75%	75%	79%	7 %	38%	12%
Kaupa minna af nýjum fötum og vörum	71%	72%	63%	71%	76%	80%	74%	36%	12%
Velja vistvænan samgöngu- máta	67%	69%	60%	70%	68%	82%	70%	32%	7%
Borða meira grænkeru-/ grænmetis- fæðu	59%	61%	44%	57%	70%	55%	62%	17%	5%
Skipta yfir í endurnýjan- lega orku á heimilinu	48%	53%	35%	51%	5 %	56%	55%	35%	9%
Taka virkan þátt á sam- félagsmiðlum	35%	38%	31%	33%	37%	48%	43%	20%	3%
Taka þátt í mótmælum	28%	34%	24%	29%	17%	38%	28%	11%	4%
Starfa með umhverfis- verdar- samtökum	24%	33%	20%	20%	17%	44%	33%	8%	0%
Sýna borgara- lega óhlýðni	14%	18%	9%	15%	13%	20%	14%	1%	1%
Ganga í stjórn mála- flokk	13%	17%	11%	10%	9%	13%	15%	9%	0%
Annað	8%	7%	9%	9%	8%	5%	5%	5%	34%
**Alls	522%	557%	444%	520%	534%	602%	562%	274%	102%
Ekkert	5%	5%	11%	5%	2%	4%	5%	30%	36%

Aðferð

Heildarniðurstaða Norðurlanda miðað við íbúafjölda landanna:

Land	Proportion
Svíþjóð	37,1%
Noregur	19,3%
Danmörk	21,4%
Finnland	20,4%
Ísland	1,3%
Álandseyjar	0,1%
Færeyjar	0,2%
Grænland	0,2%

Skekkjumörk:

800 viðtöl	4700 viðtöl
Ef útkoman er 20/80: +/- 2,8%	Ef útkoman er 20/80: +/- 1,1%
Ef útkoman er 50/50: +/- 3,5%	Ef útkoman er 50/50: +/- 1,4%

Fjöldi viðmælenda:

Land	Fjöldi viðtala
Svíþjóð	829
Noregur	825
Danmörk	825
Finnland	837
Ísland	533
Álandseyjar	311
Færeyjar	270
Grænland	304

Heimildir:

Fritz M. & Koch M., Public Support for Sustainable Welfare Compared: Links between Attitudes towards Climate and Welfare Policies, Sustainability (2019).

Lýðræði og þátttaka í loftslagsmálum:
Sömu markmið, ólíkar lausnir
Andrea Skjold Frøshaug, Ulf Andreasson

Nord 2020:033
ISBN 978-92-893-6596-3 (PDF)
ISBN 978-92-893-6597-0 (ONLINE)
<http://doi.org/10.6027/nord2020-033>

© Norræna ráðherranefndin 2020

Umbrot: Mette Agger Tang

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norður-löndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur

Í þessari skýrslu er bent á áskoranir og tækifæri norrænna lýðræðisríkja í mikilvægu starfi að umhverfis- og loftslags-málum framtíðarinnar, en þau eru kjarninn í framtíðarsýn fyrir árið 2030 um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta svæði heims. [Lesið nánar um framtíðarsýninga](#)

